

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um landamærastöðvar og tilkynningarskyldu flytjenda, nr. 223 14. mars 2001.

1. gr.

Í stað orðanna „eða ef“ í c-lið 2. mgr. 1. gr. kemur: og.

2. gr.

Á eftir 1. lið 2. mgr. 2. gr. bætist nýr liður, er verður 2. liður, svohljóðandi: Litlisandur.
2.-25. liður verða 3.-26. liður.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a. Í stað orðanna „12 klst. áður en siglt er inn í landhelgina“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 24 klst. áður en komið er til hafnar.
- b. Í stað i- og j-liða 2. mgr. koma nýir stafliðir:
 - i. síðasti viðkomustaður (staður og land),
 - j. fyrsti áætlunarstaður á Íslandi,
 - k. áætlaður komutími,
 - l. aðrar viðkomuhafnir á Íslandi,
 - m. brottfararhöfn á Íslandi,
 - n. áætlaður brottfarartími,
 - o. næsti ákvörðunarstaður (staður og land),
 - p. umboðsmaður.

4. gr.

2. másl. 5. gr. verður svohljóðandi: Senda skal upplýsingar á tölvupóstfang Landhelgisgæslunnar eða Inmarsat C númer hennar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. og 3. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 3. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, sbr. lög nr. 25 9. maí 2000, öðlast gildi 25. júní 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. júní 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Dís Sigurgeirsdóttir.